



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Borg, 3. maí 2019

Efni: Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða, 778. mál.

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 1. maí s.l. var lögð fram beiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 12. apríl 2019 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða, 778. Mál.


Eftirfarandi bókun var gerð:

18. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða, 778. mál.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps tekur undir eftirtaldar athugasemdir sem komið hafa fram við forsendur frumvarpsins.

- *Að stofnuð verði sérstök stofnun til að hafa umsýslu allra þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða. Til staðar eru stofnanir, s.s. Umhverfisstofnun, sem fara með þessi verkefni og ætti að frekar að skerpa á þeim verkefnum sem þeim hefur verið falið. Fjármagn til náttúruverndarsvæða hefur verið af skornum skammti um langt árabíl. Nær væri að nota það fjármagn sem ætlað er í þessa kerfisbreytingu til uppbyggingar og verndunar á núverandi náttúruverndarsvæðum.*
- *Það er stór munur á hvort samráð skuli haft eða að hugmyndir hljóti samþykki viðkomandi sveitarstjórnar. Gerð skuli krafa um að samþykki sveitarstjórnar liggi fyrir áður en landsvæði í sveitarfélaginu sé friðlýst og / eða gert að þjóðgarði.*

Þrátt fyrir ofangreindar athugasemdir fagnar sveitarstjórn þeim ákvæðum sem gera ráð fyrir aukinni aðkomu aðliggjandi sveitarfélaga í stjórn þjóðgarðsins á Þingvöllum og Þingvallanefnd.

Virðingarfyllst,
[h. sveitarstjórnar]

GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPS
Ása Valdís Árnadóttir
Ása Valdís Árnadóttir, oddviti